

STAKSTEINAR

Samið án umboðs

Jón Magnússon, hæstaréttar-lögmaður og fyrrverandi alþingismaður, segir frá því á vefsíðu sinni að Ögmundur Jónasson, alþingismaður og fyrrverandi heilbrigðisráðherra, hafi í gærmorgun upplýst um það í viðtali á Rás 2 að skrifað hefði verið undir Icesave-samninginn í vor þó að vitað væri að ekki væri þingmeirihluti fyrir málinu.

● ● ● ●

Jón bendir réttilega á að þessi yfirlýsing Ögmundar hafi komið á óvart og að sennilega sé einsdæmi í lýðveldissögunni að skrifað hafi verið upp á milliríkja-samning sem vitad hafi verið að ekki væri þingmeirihluti fyrir.



Ögmundur Jónasson

● ● ● ●

Ekki er að undra, fyrst ríkisstjórnin lagði af stað í Icesave-leiðangurinn á þessum vafasömu forsendum, þótt þvælst hafi fyrir henni að koma málinu í gegnum þingið.

● ● ● ●

Þrátt fyrir allar þumalskrúfurnar sem hertar hafa verið að þingmönnum stjórnað flokkanna er enn svo tæpt að meirihluti sé fyrir málinu að ríkisstjórnin á í mestu vandræðum með að senda það í atkvæðagreiðslu í þinginu.

● ● ● ●

En þegar svona upplýstrun er gerð er ekki síst áhugavert að velja því fyrir sér hvernig núverandi ráðherrar og stjórnarþingmenn hefðu brugðist við ef þeir hefðu verið í stjórnarandstöðu þegar ríkisstjórn samdi án umboðs um gríðarlegan skuldaklafa á þjóðina.

● ● ● ●

Hvað hefðu Steingrímur J. og Jóhanna sagt um slíka framgöngu?

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni <http://morgunbladið.blog.is/>



Edda Heiðrún í heiðurslaunaflokk

MENNTAMÁLANEFND Alþingis leggur til að Edda Heiðrún Backman leikkona, bætist í hóp þeirra sem hljóta heiðurslaun listamanna. Samkvæmt tillögu nefndarinnar hljóta 29 listamenn þessi laun á næsta ári. Edda Heiðrún er jafnframt yngst þeirra listamanna, sem hljóta heiðurslaunin, en hún er 52 ára gömul.

Nefndin leggur einnig til, að launin verði lækkuð, úr 1,8 milljónum í 1,6 milljóna. Samkvæmt því verður heildarupphæðin 46,4 milljónir og lækkar um 4 milljónir króna frá yfirstandandi ári.

Samkvæmt tillögu nefndarinnar skipa eftirtaldir listamenn heiðurslaunaflokkinn:

Atli Heimir Sveinsson, Ásgerður Búadóttir,



Edda Heiðrún Backman

Megas, Róbert Arnfinnsson, Thor Vilhjálmsson, Vigdís Grímsdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þor-

björg Höskuldsdóttir, Þorsteinn frá Hamri, Þráinn Bertelsson og Þuríður Pálsdóttir.

Í þessum flokki eru skáld og rithöfundar fjölmennasti hópurinn eða 9 talsins. Næst koma tónlistarmenn og tónskáld, 8 að tölu, leikarar á listanum er 6 talsins, myndlistarmenn eru 5 talsins og einn kvikmyndagerðarmaður.

Heiðurslaun listamanna voru veitt samkvæmt lögum nr. 29/1967 fram til 1991 þegar þau lög voru felld úr gildi en ný lög um listamannalaun, nr. 35/1991, tóku við. Í hinum nýju lögum var ekkert ákvæði um heiðurslaunin og hefur Alþingi síðan samþykkt að veita þau frá ári til árs í tengslum við fjárlagaumræðu að hausti. sisi@mbl.is

Útifundur SÁÁ

SÁÁ boða til útifundar á Austurvelli í dag kl. 17 og skora á landsmenn að mæta og sýna þannig samstöðu sína með baráttu samtakanna. Í tilkynningu segir að SÁÁ hafi náð góðum árangri en nú sé hann hins vegar í hættu náí skerðingartillögur fjárlagafrumvarpsins fram að ganga. Þá verði alvarlegt

og óbætanlegt skarð höggvið í starf SÁÁ.

Á útifundinum á Austurvelli munu Páll Óskar Hjálmtýsson og Bubbi Morthens syngja kjark og æðruleysi í fundarmenn. Kveikt verður á kertum sem þakklætisvotti fyrir þau líf sem starfsemi SÁÁ hefur bjargað og bætt.

Áhrif niðurskurðar á heilbrigðisþjónustuna



Miðvikudaginn 16. desember kl. 17.00

Opinn fundur velferðarnefndar Sjálfstæðisflokksins

Velferðarnefnd Sjálfstæðisflokksins boðar til opins fundar miðvikudaginn 16. desember kl. 17.00 í Valhöll.

Framsögu flytja þau Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga; Þorbjörn Jónsson, formaður Læknaráðs LSH og Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður.

Fundarstjóri er Ásta Möller. Allir velkomnir!



VEÐUR



SPÁ KL. 12.00 Í DAG

Hæg vestlæg átt, en annars svipað veður. Hiti 2 til 8 stig, en sums staðar vægt frost í inn-sveitum N- og A-lands.

VEÐRIÐ NÆSTU DAGA

Á miðvikudag

Hæg vestlæg eða breytileg átt og skýjað með köflum. Hiti víða 2 til 7 stig, en um eða rétt undir frostmarki í inn-sveitum.

Á fimmtudag

Hæg vestlæg og síðar breytileg átt. Skýjað og úrkomulítið, en stöku skúrir eða el norðantil á landinu. Heldur kólnandi.

Á föstudag

Snýst í norðanátt með eljum NA-lands er líður á daginn, en bjartviðri S- og V-lands. Kólnandi veður.

Á laugardag og sunnudag

Norðanátt með eljum N- og NA-lands, en bjartviðri að mestu S- og V-lands. Frost um allt land.

Veður víða um heim kl. 18.00 í gær að ísl. tíma											
										°C	Veður
Reykjavík	8	skýjað	Lúxemborg	-3	skýjað	Algarve	13	heiðskirt			
Bolungarvík	6	alskýjað	Brussel	-1	léttskýjað	Madrid	5	heiðskirt			
Akureyri	1	léttskýjað	Dublin	5	skýjað	Barcelona	10	súld			
Egilsstaðir	-1	heiðskirt	Glasgow	4	léttskýjað	Mallorca	12	skýjað			
Kirkjubæjarkl.	7	alskýjað	London	6	léttskýjað	Róm	9	skúrir			
Nuuk	0	alskýjað	Paris	0	skýjað	Áþena	12	skýjað			
Þórshöfn	6	heiðskirt	Amsterdam	-2	skýjað	Winnipeg	-24	skýjað			
Ósló	-2	snjócoma	Hamborg	0	þoka	Montreal	-1	alskýjað			
Kaupmannahöfn	0	alskýjað	Berlín	0	skýjað	New York	6	heiðskirt			
Stokkhólmur	-3	skýjað	Vín	-3	skýjað	Chicago	3	súld			
Helsinki	-15	heiðskirt	Moskva	-20	léttskýjað	Orlando	20	þoka			

15. desember	Fjara	m	Flóð	m	Fjara	m	Flóð	m	Fjara	m	Sólarupprás	Sólsetur
REYKJAVÍK			5.34	3,9	11.50	0,8	17.50	3,5	23.56	0,8	11:17	15:30
ÍSÁFJÖRÐUR	1.15	0,5	7.33	2,1	13.57	0,4	19.42	1,8			12:03	14:54
SIGLUFJÖRÐUR	3.21	0,3	9.29	1,2	15.49	0,1	22.22	1,0			11:47	14:35
DJÚPVOGUR			2.43	2,0	9.00	0,5	14.50	1,7	20.54	0,3	10:55	14:50

Sjávarhæð miðast við meðalstórstraumstjóru

Sjómælingar Íslands/Morgunblaðið

